

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík miðvikudaginn 6. febrúar 2019 kl. 14:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson (í síma), Elías Pétursson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóna Björg Arnarsdóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir. Guðmundur Halldórsson boðaði forföll. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fundurinn er umræðufundur með starfshópi, sem skipaður var af stjórn Eyþings í framhaldi af aðalfundarsamþykkt sl. haust, um form samstarfs og samvinnu landshlutasamtakanna og atvinnuþróunarfélaganna á svæðinu á sviði atvinnu- og byggðamála til framtíðar.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður stjórnar, Elías Pétursson setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gaf orðið laust.

1. Umræður um fundarefnið

Póroddur Bjarnason formaður starfshóps Eyþings gerði grein fyrir starfi hópsins og fór yfir ákveðna greiningu hans á byggðamynstri landshlutans og þeim verkefnum sem hugsanleg ný stofnun, sem tæki við núverandi verkefnum atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna, þyrfti að sinna. Fram kom í máli hans að fleiri leiðir en sameining kæmu til greina og það væri á valdsviði sveitarfélaganna að ákveða hvað aleið væri farsælust. Sameining í eina stofnun væri vissulega kostur en svo væri einnig um það að halda skipulagi óbreyttu og jafnvel að skipta landshlutasamtökunum upp í tvennt sem endurspegladi starfssvæði atvinnuþróunarfélaganna.

Málið rætt vítt og breytt og ljóst að ýmsir kostir eru í stöðunni en jafnframt að fundarmönnum hugnast misvel sú hugmynd að sameina atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin í eina heild.

Næstu skref verða að málið verður tekið til umræðu innan stjórnar atvinnuþróunarfélagsins sem eftir atvikum mun leita eftir skoðunum þeirra sem að félaginu standa, þ.e. aðildarsveitarfélaganna og stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda á starfssvæðinu.

Formaður þakkaði starfshópnum fyrir gagnlegar upplýsingar og fundarmönnum öllum góðar umræður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:20